

Fundur haldinn í Fræðslunefnd Húnavatnshrepps að Húnavöllum 8. apríl 2008.

Fundur settur af formanni. Mæting samkvæmt undirskrift.

Á dagskrá eru kennararáðningar ,skipulag skólastarfsins næsta skólaár, samningur við skólabílstjóra og önnur mál.

Þorkell skýrði frá því að einn kennari lætur af störfum í vor, sökum aldurs. Aðrir óska eftir endurráðningu, þ.e. leiðbeinendur. Þorkeli falið að auglýsa stöður.

Þorkell lagði fram drög að skóladagatali og kennslustundafjölda fyrir næsta skólaár. Kennslustundakvóti yrði þá 286 stundir, þar af 46 skiptistundir. Fækkun um 20 kennslustundir frá síðasta skólaári en nemendum hefur fækkað og mun fækka næstu ár væntanlega. Tillaga um kennslustundakvóta er samþykkt með þrem atkvæðum eftir nokkrar umræður. Þorkell hefur lagt bæði skóladagatal og kennslustundakvóta fyrir kennararáð. Skóli á að hefjast 25. ágúst og ljúka 29. maí. Skóladagar eru 180. Fræðslunefnd samþykkti skóladagatalið fyrir sitt leyti.

Ægir lagði fram drög að samningi um akstur skólabarna skólaárin 2008-2009 til 2010-2011. Nokkrar umræður urðu. Rætt var um merkingar á skólabílum og fleira. Fram kom hjá Þorkeli að Lögreglan hefði eftirlit með skólabílum. Ægi falið að skoða þessi mál, svo sem skráningu á forfallabílum, tryggingar, skyndihjálparnámskeið. Að öðru leiti gerir fræðslunefnd ekki athugasemdir við samninginn.

Ægir kynnti Heilbrigðis og forvarnarverkefnið “Hugsað um barn” í tengslum við afleiðingar kynlífs, ummönnum ungbarns skaðsemi áfengis og fíkniefna. Fyrirhugað er að þetta verkefni verði á Blönduósi í vor. Þetta hefur verið keyrt í nokkur ár í ýmsum skólum og er sumstaðar orðið hluti af námsefni skólanna. Fræðslunefnd list vel á þetta og gott væri að stefna á þetta næsta haust.

Ýmsar umræður urðu. Fram kom að verulegt álag hefur verið vegna réttindanáms kennara en það hefur gengið vel að sögn Þorkels. Rætt var um Skjólíð og félagslíf unglíngana. Fram komu hugmyndir um hvort hægt sé að tengjast starfsemi félagsmiðstöðva svo sem Samfés.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

**Þóra Sverrisdóttir Þorkell Ingimarsson Jóhanna S. Jóhannsdóttir
Kristín Rós Sigurðardóttir Ægir Sigurgeirsson Sigurður Árnason
Eline Schrijver Pétur Pétursson**